

# Lög

## um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

---

1. gr.

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:  
Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. apríl 2001.*